



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10

150 Reykjavík

28. nóvember 2014

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, 321. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (samtökin) fagna því að Alþingi setji stefnu um lagningu raflína á sama tíma og fjallað er um frumvarp um breytingu á raforkulögum sem fjallar um skýrari ramma fyrir kerfisáætlun og uppbyggingu flutningskerfis raforku (327. mál). Styrking og uppbygging raforkukerfisins er viðvarandi verkefni við grundvallarinnviði samfélagsins og mikilvægt að skýr stefna og vinnubrögð gildi þar um.

Í umsögn samtakanna til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um drög að tillögunni í september síðastliðnum töldu samtökin nauðsynlegt að gera betur grein fyrir kostnaði við stefnuna en gert var þá. Sú athugasemd samtakanna er enn í fullu gildi. Hafa verður í huga að allur kostnaður við uppbyggingu raforkukerfisins hefur bein áhrif á gjaldskrár flutnings- og dreififyrirtækja og lendir á heimilum og fyrirtækjum í landinu.

Í greinargerð með tillögunni segir að erfitt sé að „*leggja nákvæmt mat á kostnað*“ sem henni fylgir og því er það ekki gert. Samtökin vilja því draga fram dæmi sem sýna stærðargráðuna sem um ræðir, þó ekki sé hægt að leggja fram nákvæmt mat.

Í kynningum Landsnets á málinu kemur fram að fyrirtækið áætla að heildarfjárfestingar næstu 10 ára verði tæpir 80 milljarðar króna m.v. óbreytta stefnu um lagningu jarðstrengja. Miðað við þá áætlun er gert ráð fyrir að gjaldskrá til dreifiveitna hækki um 27% og um 9% til stórnótenda til ársins 2023.

Eftir því sem hlutfall jarðstrengja eykst í fyrirhuguðum framkvæmdum eykst jafnframt kostnaðurinn. Í kynningu fyrir hagsmunaaðila voru sett fram fjögur dæmi um hlutfall jarðstrengja. Miðað við blandaða leið með 10% jarðstrengjum hækkar heildarkostnaður um 12 ma.kr., um 24 ma.kr. miðað við hollenska leið, um 25 ma.kr. m.v. blandaða leið (20%) og 154 ma.kr. ef farin er danska leiðin. Viðbótarhækkun á gjaldkrá til dreifiveitna (almennings) verður í sömu röð 5%, 11%, 11% og 74%. Viðbótarhækkun til stórnótenda verður í sömu röð 8%, 15%, 16% og 94%.



Í kynningu Landsnets á fyrirhugaðri Sprengisandslínu kemur fram að fari 50 km af 192 km langri línuleið í jörð hækkar það gjaldskrá Landsnets um 7% og ef 75 km eru lagðir í jörð hækkar gjaldskráin um 10% frá því sem ella hefði orðið. Kostnaður við línuna meira en tvöfaldast ef 75 km fara í jörð og áætlað að hann hækki úr 14 ma.kr. í 29 ma.kr.

Mikilvægur er viðgerðartími jarðstrengja og tafir sem bilunum fylgja. Í tillögunni er nefnt að „taka skal mið af athendingaröryggi raforku og kostnaði við að tryggja það“. Samtökin telja að hnykkja þurfi á þessu ákvæði því bilanatiðni jarðstrengja er minni en loftlína en það getur tekið vikur að lagfæra jarðstreng. Ýmis starfsemi þolir ekki rafmagnsleysi til svo langs tíma. Því er lagt til að málsliðurinn orðist svo: „Taka skal mið af athendingaröryggi raforku og kostnaði við að tryggja það, m.a. hvernig bregðast eigi við viðgerðum sem taka daga eða vikur.“

Af ofanrituðu má ráða að eftir því sem hlutfall jarðstrengja eykst, sérstaklega háspennustrengir, eykst kostnaður notenda. Bæði mun það leiða til hækkunar á raforkuverði til heimila og verri samkeppnisstöðu fyrirtækja.

Í tillögunni er heimilað að jarðstrengjaleið megi vera 50% dýrari en loftlína. Miðað við áætlun Landsnets um 80 ma.kr. heildarfjárfestingu í flutningskerfinu á næstu árum heimilar því tillagan 40 ma.kr. kostnaðarhækkun. Miðað við tölur í kynningu sem áður er vísað til er unnt að áætla að gjaldskrá til dreifiveitna geti hækkað um 18% á fjárfestingartímabilinu. Á sama hátt gæti gjaldskrá til stórnotenda hækkað um 25%. Þessar hækkunir eru til viðbótar þeim sem gert er ráð fyrir í grunndæmi Landsnets og heildarhækkun gjaldskráa gætu orðið 50% til dreifiveitna og 36% til stórnotenda. Augljóst er að þetta hefur bein áhrif á samkeppnisstöðu orkufyrirtækja og þeirra sem orkuna nýta auk þess sem kostnaður almennings eykst.

Samtökin telja uppbyggingu flutningskerfis raforku afar mikilvæga og að nauðsynlegt sé að styrkja það. Nauðsynlegt er hins vegar að gæta aðhalds og velja hagkvæmustu leiðir sem völ er á hverju sinni. Fyrirséð er að tækniþróun leiði til lægri kostnaðar við lagningu jarðstrengja á næstu áratugum. Þrátt fyrir það hafa samtökin miklar áhyggjur af þeim kostnaði sem áætlunum fylgja. Samtökin telja eðlilegt að sett verði almenn markmið um lagningu jarðstrengja eins og gert er ráð fyrir í grein 1.5 í tillögunni. Hins vegar telja samtökin nægja í grein 1.4. að setja markmið til ársins 2020 og jafnvel 2025 því óvissuþættir eru hins vegar allt of miklir til að setja nú markmið til ársins 2035. Rúmur tími gefst til að meta árangur og kostnað við stefnuna eftir 5 ár svo dæmi sé nefnt.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins